

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 222/2014****2015/EES/52/14****frá 24. október 2014****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/638/ESB frá 12. ágúst 2013 um grundvallarkröfur varðandi fjarskiptabúnað um borð í skipum sem ætlaður er til notkunar í skipum, sem falla ekki undir samninginn um öryggi mannlífa á hafinu (SOLAS), og til þátttöku í hinu alþjóðlega neyðar- og öryggiskerfi fjarskipta á sjó (GMDSS-kerfinu) ⁽¹⁾.
- 2) Samkvæmt ákvæðum ákvörðunar 2013/638/ESB fellur úr gildi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/71/EB ⁽²⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella hana úr EES-samningnum.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði XVIII. kafla II. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 4zzp (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/63/EB):
„4zzq. **32013 D 0638**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/638/ESB frá 12. ágúst 2013 um grundvallarkröfur varðandi fjarskiptabúnað um borð í skipum sem ætlaður er til notkunar í skipum, sem falla ekki undir samninginn um öryggi mannlífa á hafinu (SOLAS), og til þátttöku í hinu alþjóðlega neyðar- og öryggiskerfi fjarskipta á sjó (GMDSS-kerfinu) (Stjtið. ESB L 296, 7.11.2013, bls. 22).“
2. Texti liðar 4zzm (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/71/EB) falli brott.

*2. gr.*Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2013/638/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. nóvember 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

*4. gr.*Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 24. október 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kurt Jäger

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 296, 7.11.2013, bls. 22.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 16, 23.1.2004, bls. 54.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.